

32. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 21. janúar 2014, kl. 14:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Hildur Ösp Gylfadóttir formaður, Helgi Jóhannsson, Jónína Magnúsdóttir, Preben Jón Pétursson, Edward Huijbens, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Þórhildur Sölvadóttir fulltrúi nemenda, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

## Dagskrá

### 1. Afgreiðsla fundargerða

Fundargerðir fundar 30 og 31 bornar upp til samþykktar. Fundargerðirnar samþykktar með lítilsháttar breytingum.

### 2. Námsframboð skólans og nýir áfangar

Skólameistari gerði grein fyrir námsframboði skólans og nýjum áföngum sem nú eru í boði í fyrsta sinn. Nú er í fyrsta sinn boðið upp á valáfanga í þróunarhjálp, ABC. Upphaflega var gert ráð fyrir hjálparstarfi við Pakistan en mögulegt að það þróist yfir í Úganda. Samvinna hefur verið við fulltrúa ABC á Akureyri sem verið hefur í Úganda. Þá er áfangi í fjármálalæsi einnig í boði í fyrsta sinn, bæði á almennum brautum og starfsbraut. Enn er haldið áfram með kennslu í leikjaforritun og frjálsum íþróttum sem byrjað var á í haust. Þá eru í fyrsta sinn kenndar íþróttagreinarnar innibandý og blak. Nýr áfangi er í fréttá- og heimildaljósmyndun. Þá er jákvæð sálfræði kennd í annað sinn á 3. þrepi. Nýr áfangi er kenndur í skapandi tónlist, heimstónlist. Þá er tónfræði og tónheyrn einnig kennd í fyrsta sinn. Nú er einnig kenndur í fyrsta sinn valáfangi í tölvuleikjum og leikjatölvum. Þar skipta tveir kennarar með sér áfanganum, annar kennir á staðnum en hinn fjarkennir. Sjónvarpið mun væntanlega koma í næstu viku og gera frétt um þennan áfanga. Veðurfræði er líka kennd í fyrsta sinn á þessari önn.

### 3. Niðurstaða haustannar

Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður haustannar 2013. Á haustönn 2013 stunduðu rúmlega 180 nemendur nám við skólann, þar af 131 í dagskóla. Þessir nemendur skiluðu skólanum 131, 6 nemendaígildum. Auk þess luku nemendur starfsbrautar 9,9 nemendaígildum (141,5). Meðaleinkunn úr áföngum var 6,9 (var 6,6 á vorönn 2013 og 5,9 á haustönn 2012). Meðalfallprósenta var 12,8 og brottfall 5,8%. Hópanýting var að meðaltali 79%. Alls hurfu 7 nemendur frá námi á önninni, 1 karl og 6 konur. Átta nemendur voru útskrifaðir 21. desember, þrír af félags- og hugvísindabraut, einn af íþróttá- og útivistarbraut, íþróttasviði, þrír af náttúruvísindabraut og fyrsti nemandinn viðbótarnámi til stúdentsprófs af starfsbrautum.

### 4. Upphaf vorannar 2014 og innritun

Aðstoðarskólameistari fór yfir stöðuna í upphafi vorannar 2014. Við upphaf vorannar eru skráðir 174 nemendur í skólann, 112 í dagskóla og 62 í fjarnám. Kynjaskipting er jöfn, 86 karlar og 88 konur.

### Uppruni nemenda

75% nemenda koma af upptökusvæði skólans, þ.e. Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. Aðrir dreifast um landið en þó má nefna að 9% koma frá Akureyri.

Póstnúmer	Fjöldi
100	11
200	7
300	2
500	2
580	59
625	49
600	16
620	23
640	3
700	1
900	1

Starfsmenn skólans eru 24, þar af kenna 20.

## 5. Stefnumótun varðandi menningarlíf

Skólameistari gerði grein fyrir hugmyndum og vinnu varðandi stefnumótun varðandi menningarlíf í Menntaskólanum á Tröllaskaga. Hafin er vinna við þessa stefnumótun og dregið mið af stefnu ríkisstjórnar og sveitarfélaga. Einnig hefur verið stuðst við verklagstillögur úr Handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð. Velti hún upp leiðum sem mögulegar væru í þessari vinnu og bar undir skólanefnd. Umræður urðu innan nefndarinnar um hversu víðtæk þessi vinna ætti að vera. Samþykkt að nefndarmenn sendu inn hugmyndir til skólameistara sem síðar yrðu lagðar fyrir nefndina.

## 6. Önnur mál

### 6.1 Niðurstöður skólafundar frá 3. október 2013

Lagðar fram niðurstöður skólafundar frá 3. október 2013 þar sem fjallað var um námskrá skólans.

### 6.2 Umbun til kennara

Formaður velti upp umræðu um umbun til kennara. Skólameistari gerði grein fyrir því hvernig þessu hefur verið hagað, þeir sem tekið hafa að sér mótun og vinnu við nýja áfanga hafa fengið umbun. Skýrt er að þetta fyrirkomulag er ekki ófrávíkjanlegt eða til frambúðar.

### *6.3 Félagslíf nemenda*

Þórhildur Sölvadóttir upplýsti að klúbbastarf í skólanum væri farið af stað en heldur treglega gengi að fá nemendur til þátttöku.

### *6.4 Málþing um skil skólastiga*

Hildur Ösp formaður bar upp fyrirspurn um hvort Menntaskólinn á Tröllasaga væri tilbúinn til þátttöku í málþingi um skil skólastiga í febrúar í Dalvíkurbyggð. Skólameistari tók vel í þessa beiðni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir